

Að tala um kennslu á íslensku! Um orðasmíði og skilgreiningar á hugtökum í menntunarfræðum

Ingvar Sigurgeirsson: Viðtal við Gerði G. Óskarsdóttur

Ég hef stundum spurt kennara hverjar séu helstu kennsluaðferðir sem þeir beiti í kennslu sinni og beðið þá að nefna þær. Satt best að segja verður stundum fátt um svör. Staðreyndin er líklega sú að við kennarar höfum ekki komið okkur nægilega vel saman um heiti kennsluaðferða. Þegar ég skrifaði bókina *Litróf kennsluaðferðanna* vakti það m.a. fyrir mér að reyna að leggja grunn að sameiginlegum orðaforða kennara um kennsluaðferðir en margt bendir til þess að sú tilraun hafi ekki skilað miklum árangri.

Stundum verður þessi orðavandi nánast vandræðalegur. Sem dæmi um þetta má nefna kennsluaðferð sem sumir nefna *verkefnavinna*. Þessi aðferð er raunar nefnd nokkrum sinnum í Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013 og einnig í Aðalnámskrá framhaldsskóla, þó sjaldnar sé. Mér hefur alltaf þótt þetta orð ankannalegt, og er þar líklega undir áhrifum Ögmundar Helgasonar cand. mag. fyrrum forstöðumanns Handritadeildar Landsbókasafns, sem las flest handrit mín um árabíl. Hann gerði oft góðlátlegt grín að óþekktum höfundum þessa orðs fyrir að hafa látið sér detta í hug að setja bæði *verk* og *vinna*, sem merkja nánast það sama, í eitt og sama orðið. Hér er alltaf hægt að nota orðið *verkefni* í staðinn, sagði Ögmundur og hafði auðvitað mikið til síns máls. En vandinn við þetta heiti er þó kannski fremur að það merkir ekki það sama í hugum kennara – vísar til margra ólíkra kennsluaðferða. Ég hef heyrt kennara nota orðið um það þegar nemendur leysa verkefni í vinnubókum eða á vinnu- eða verkefnablöðum, en hjá öðrum merkir það þegar nemendur afla sér upplýsinga upp á eigin spýtur, vinna úr þeim og miðla öðrum. Með öðrum orðum: Sama heitið er notað um gjörólíkar kennsluaðferðir.

Annað dæmi er að við íslenskir kennarar eigum ekkert sameiginlegt heiti yfir þá aðferð sem á ensku eru kölluð *brainstorming*. Sumir kalla þessa aðferð *hugstorm* eða *hugstormun*, aðrir *þankahríð*, *þankaregn* eða *hugarflug* og heitin eru áreiðanlega fleiri. Sami vandræðagangurinn er uppi þegar nefna á þá aðferð sem á ensku heitir *project* eða *project method*. Ég gerði í *Litrófi kennsluaðferðanna* tilraun til að nefna þessa aðferð *efniskönnun*, en það heiti hefur ekki festst í sessi. Leikskólakennarar nota margir orðið *könnunaraðferð* sem mér finnst koma vel til greina. Þá þekki ég kennslufræðinga sem vilja kenna þessa aðferð við *þemavinnu* eða *þemanám*, en ég hef ekki verið sáttur við það því *þema* getur tengst mörgum ólíkum kennsluaðferðum, jafnvel fyrirlesturum.

Þeir eru fleiri en ég sem hafa velt þessum orðavanda fyrir sér. Í Kennaraskólanum gamla og

Kennaraháskólanum störfuðu gjarnan orðanefndir sem leituðust við að samræma þessa orðanotkun og um nokkurt skeið hefur starfað íðorðanefnd sem er samstarfsverkefni Félags um menntarannsóknir (FUM), Kennarasambands Íslands og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Í nefndinni eru nú Gerður G. Óskarsdóttir, formaður (FUM), Baldur Sigurðsson, dósent (Mvs. HÍ), Jón Ingi Hannesson, framhaldsskólakennari (KÍ), Ragnhildur Bjarnadóttir, dósent (FUM) og Þuríður Jóhannsdóttir, dósent (Mvs. HÍ).



Gerður G. Óskarsdóttir. Gerður hefur stundað kennslu, fræðistörf, rannsóknir og stjórnunarstörf um árabil. Hún lauk doktorsprófi í menntunarfræði frá Kaliforníuháskóla í Berkeley árið 1994. Gerður er höfundur fjölmargra greina, bóka og bókarkafla um kennslu- og skólamál.

Ritstjórn Skólapráða lék forvitni á að vita meira um þetta starf og sneri sér því til formanns nefndarinnar, Gerðar G. Óskarsdóttur, og varð hún góðfúslega við því að svara nokkrum spurningum um starfið.

Hvert er hlutverk íðorðanefndarinnar?

Hlutverk nefndarinnar er að taka saman orð og hugtök sem notuð eru á fræðasviðinu og gera aðgengileg með þýðingum og ekki síst skilgreiningum. Tilgangurinn er að treysta þar með grundvöll faglegrar umræðu á íslensku um menntun og skólastarf. Markmið okkar er að allt að 1.000 íðorð á öllum helstu sviðum menntunarfræða sé að finna í **Orðabanka Íslenskrar málstöðvar**, en hugtakið *íðorð* er notað yfir sérfræðiorð á ákveðnu sviði. Við leggjum orð og skilgreiningar sem við erum að vinna að jafnóðum inn í bankann sem er

aðgengilegur á netinu (sjá á þessari slóð www.ordabanki.hi.is). Við höfum skilgreint og þýtt tæplega 200 orð. Markhópurinn er fræðimenn, starfendur og nemendur á sviði uppeldis- og menntunarfræða, þar með taldir allir starfsmenn og stjórnendur í skóla- og menntastofnunum.

Fræðigreinin okkar, menntunarfræði, er ört vaxandi grein hér á landi og erlendis, það bætast stöðugt við ný hugtök, og mikilvægt er að geta rætt og skrifað um fræðin á íslensku.

Nefndin var stofnuð til að mæta brýnni þörf fyrir að samræma merkingu og notkun iðorða sem lengi hafa verið í umferð og bregðast við ákalli um að finna heppileg íslensk orð fyrir hugtök sem efst eru á baugi.

3. gr. Hlutverk og verklag iðorðanefndar

Hlutverk nefndarinnar er að halda uppi reglubundnu starfi við iðorðasmíði í menntunarfræðum.

Markmið nefndarinnar er að iðorð á öllum helstu sviðum menntunarfræða sé að finna í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar (<http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/search>).

Nefndin byggir á þeim grunni sem þegar liggur fyrir (orðasöfn á sviði menntunarfræða, unnin á árunum 1987–2007). Hún vinnur samkvæmt leiðbeiningum sem gefnar hafa verið út um iðorðastörf.

Íorðasafn í menntunarfræðum er sérfræðiorðasafn. Markhópur iðorðasafnsins eru fræðimenn og starfendur, svo og nemendur á sviði uppeldis- og menntunarfræða.

Hlutverk nefndarinnar eins og það er skilgreint í samstarfssamningi

Getur þú gefið okkur einhver nýleg dæmi um þau álitamál sem þið hafið verið að klást við?

Við höfum t.d. verið að vinna með orð á sviði fjölmenningar. Á því sviði er ekki síst mikilvægt að skilgreina þau hugtök sem eru í gangi, hvað er t.d. *fjölmenningsarsamfélag*? Hvað er *fjölmenningarleg menntun*?

Annað dæmi má nefna sem við veltum fyrir okkur. Það var skilgreining á orðinu *útikennsla*. Sumir nota það aðeins yfir það sem gert er úti í náttúrunni eða utan dyra, en aðrir nota það í víðari merkingu. Við völdum hana og skilgreindum orðið sem *nám og kennsla sem skipulögð er utan veggja skólans og náttúran eða samfélagið er nýtt sem námsumhverfi*.

Loks má nefna að það eru mörg hugtök til um ýmiss konar *nám og menntun*. Því þurftum við að skilgreina þessi hugtök fyrst áður en við gátum farið að huga að tilteknum gerðum náms og menntunar og það var nokkuð snúið.

Ég held að skilgreiningar okkar á hugtökum sem við vinnum með sé í raun mikilvægasti þáttur starfsins. En það skiptir líka máli að velja þýðingu sem okkur finnst passa vel við skilgreininguna og enska orðið ef margar eru í gangi, sem all oft er, eða búa til nýtt orð.

Flokkun: kennsla og mat
[íslenska] fyrirlestur kk. [skilgr.] Kennsluaðferð þar sem kennari eða nemandi miðlar þekkingu eða útskýrir eitthvert viðfangsefni munnlega. Um er að ræða einstefnumiðlun án mikillar þátttöku áheyrenda. [skýr.] Við framsetningu fyrirlestra nota kennarar gjarnan skjásýningar. [aths.] Þátttökufyrirlestur eða gagnvirkur fyrirlestur er fyrirlestur þar sem gert er ráð fyrir fyrirspurnum og samræðu við áheyrendur.
[enska] lecture no.

Dæmi úr Orðabankanum: Skilgreining á fyrirlestri

Hvernig starfar nefndin?

Nefndin hittist að jafnaði hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann. Verklagið byggir á útgefnum leiðbeiningum um íðorðastörf og starfsreglum nefndarinnar. Starfið felst í að velja flokk skyldra orða til að vinna með í ákveðinn tíma. Við byrjum á því að leita að og skrá hjá okkur orð á ensku og stundum íslensku í viðkomandi flokki, gjarnan eftir sérfræðingi á sviðinu sem við höfum kallað til. Því næst leitum við að efni á netinu, s.s. í greinum, fræðiritum og orðasöfnum, og semjum skilgreiningar upp úr því. Oft endurskoðum við þær aftur og aftur. Fyrst þegar skilgreining liggur fyrir leitum við að íslenskri þýðingu, veljum þýðingu ef fleiri en ein liggur fyrir eða búum til nýtt orð. Stundum fáum við skilgreiningar frá sérfræðingum eða fólk sendir okkur enskt orð og biður okkur að taka það fyrir. Við reynum að verða við slíkum óskum. Gjarnan biðjum við sérfræðinga að fara yfir skilgreiningar okkar. Við göngum frá efninu jafnóðum í orðabankann. Þegar opnað er á orð í bankanum sést innan hvaða fræðigreinar það hefur verið þýtt eða skilgreint, t.d. stendur: *Úr orðasafninu Menntunarfræði*.

Í menntunarfræðisafninu eru orðin flokkuð í sex megin svið. Þau eru stjórnun og skipulag (þ.m.t. lög, námskrár, skipulag skóla og stjórnunarhættir), kennsla og mat (s.s. kennsluaðferðir, námsmat og mat á skólastarfi), nám og þroski, félagslegt og menningarlegt umhverfi, námsumhverfi (s.s. kennslustofur, tækni og skólahúsnæði almennt) og loks straumar og stefnur (s.s. kenningar, hugmyndafræði og fræðasvið). Við vinnum með ákveðin undirsvið þessara megin sviða eða klasa hverju sinni, t.d. höfum við unnið með kennsluaðferðir, mismunandi tegundir námskráa, námsmats og prófa og hugtök um

mismunandi stjórnunarhætti skóla. Þá vísum við milli skilgreininganna innan klasans í orðabankanum.

Hér í inngangi nefni ég nokkur dæmi um vandræðagang í orðanotkun kennara. Hefur nefndin eitthvað fjallað um þessi heiti sem ég nefni?

Já, við höfum unnið með flokkinn kennsluaðferðir og þá kom *Litróf kennsluaðferðanna* að góðu gagni. Við völdum þaðan orð til að vinna með og unnum síðan skilgreiningar upp úr bókinni og öðru efni sem við fundum. Sem dæmi völdum við þýðinguna *þankahríð* fyrir *brainstorming*. Hin orðin eru svo nefnd sem samheiti. Ég get einnig nefnt að við höfum skilgreint orðið *verkefni* innan menntunarfræði sem *skilgreint og afmarkað viðfangsefni í skólastarfi sem kennari leggur fyrir og gerir ráð fyrir að nemendur leysi*. Þetta er dæmi um almennt orð sem verður að iðorði í menntunarfræði, en er jafnframt skilgreint á ýmsan annan hátt innan annarra fræðigreina í orðabankanum.

Grunnskólakennarar nota margir orðið *innlögn* um stutta *fyrirlestra* og raunar um hvers konar kynningar. Ég hef aldrei getað sætt mig við þetta og reynt að útrýma þessu en ekki tekist. Hefur orðanefndin fjallað um þetta orð?

Já, í bankanum er orðið *kynning* haft yfir enska orðið *presentation* en orðin *innlegg* og *innlögn* skráð sem samheiti. Við erum með tvær skilgreiningar á orðinu, þ.e. 1. *Kennsluaðferð* sem felst í að kennari kynnir eða útskýrir efni fyrir nemendum, yfirleitt í stuttu máli. 2. Aðferð við verkefnaskil þar sem nemendur segja formlega frá verkefni sínu fyrir framan skólafélaga.

Þú nefndir að stundum smíðið þið sjálf ný orð? Dæmi?

Það er erfitt að greina hvort við höfum heyrt þýðingu á orði eða samið nýyrði. En ég get nefnt orð sem við höfum nýlega unnið með. Við ákváðum t.d. að nota *sítekning* fyrir *drill*.

Sítekning er í bankanum skilgreind sem *kennsluaðferð þar sem lögð er áhersla á kerfisbundna endurtekningu á hugtökum, athöfnum eða færniþáttum*. Þetta er skýrt svona:

Sítekning er notuð til að kenna og fullkomna færni eða þekkingu, til dæmis í tungumálanámi. Í tungumálanámi felst aðferðin í að sítaka orð, beygingar, setningargerðir og önnur mynstur í málinu og stuðla þar með að sjálfvirkni í að beita þeim. (Sbr. orðin endurtekning og endurtaka.)

Þá má nefna að við ákváðum að nota orðið *stoðgrind* (samheiti: aðhæfður stuðningur,

námsstuðningur) fyrir enska orðið *scaffolding* og *netslór*, sem við höfðum heyrt, fyrir *cyberslacking* eða *cyberloafing*.

Til viðbótar get ég nefnt orðið *makerspace* sem er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er og þjálfa þar með sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Okkur datt í hug orðið *gervöllur* sem okkur fannst skondið, en leggjum til að notað sé orðið *nýsköpunarsmiðja*. Settum þó orðið *gervöllur* inn sem samheiti.

Hvernig er þetta starf fjármagnað?

Þetta er ansi mikið sjálfbóðastarf og því gengur okkur hægt. Sumir fá greitt fyrir fundasetu, en aðrir ekki. Ljóst er að áhugahópi sem vinnur án fjárframlags að iðorðasmíði miðar hægt fram. En tvisvar á starfstímabili sínu hefur nefndin hlotið styrk úr Málræktarsjóði og hefur þá getað ráðið starfsmann í hálfstarf í um þrjá og hálfan mánuð í hvort skipti til að undirbúa fundi nefndarinnar. Það skipti okkur miklu máli og okkur fannst mikið gerast á þessum mánuðum.

Hvert eiga þeir að snúa sér sem vilja beina erindi til nefndarinnar?

Endilega senda erindi á nefndarmenn í tölvupósti og við reynum að bregðast við þeim. Við fögnum að sjálfsögðu þátttöku sem flestra í þessu starfi. Netfangið mitt er ggo(hjá)hi.is.



Heimasíða Orðabankans

Fjölmörg orðasöfn í menntunarfræðum eru á Netinu - hér eru nokkur dæmi:

- Oxford Dictionary of Education, sjá á <http://www.oxfordreference.com/view/10.1093/acref/9780199212064.001.0001/acref-9780199212064>
- Wikipedia – Glossary of education terms, sjá á [https://en.wikipedia.org/wiki/Glossary_of_education_terms_\(A%E2%80%93C\)](https://en.wikipedia.org/wiki/Glossary_of_education_terms_(A%E2%80%93C))
- A Lexicon of Learning (ASCD), sjá á <http://www.ascd.org/Publications/Lexicon-of-Learning.aspx>
- The Glossary of Education Reform, sjá á <http://edglossary.org/>